

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Reykjavík, 26. ágúst 2019
UST201901-210/F.T.
08.14.02

Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. júlí sl. þar sem fjallað var um frávik sem skráð voru í fyrirvaralausu eftirliti dags. 23. maí sl. Þann 31. júlí barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Fráviking eru eftirfarandi:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Fara skal þannig með úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna. Í ábendingum sem Umhverfisstofnun bárust 20. og 22. maí sl. sem og í vettvangsferðinni var staðfest að töluvert af úrgangsefnum hefur fokið út fyrir urðunarstaðinn sem gefur til kynna að ekki sé nægilega tryggt að meðhöndlun valdi sem minnstum óþrifnaði. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að svæðið hafi verið hreinsað vel og vandlega. Starfsmanni hafi verið bætt við yfir sumarmánuðina til að snyrta og fegra umhverfið í Fíflholtum.**
- Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal koma í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum með uppsetningu fullnægjandi fokvarna og jafnframt skal taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og urðun. Ábendingar sem bárust Umhverfisstofnun 20. og 22. maí s.l. gefa til kynna að fokvarnir séu ekki nægjanlegar og/eða ekki nægilega tekið tillit til vindafars við móttöku úrgangs. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið sett upp fokvarnagirðing vestan við urðunarrein nr. 4 sem taki fok í austanátt sem sé ríkjandi vindátt á svæðinu. Starfsmenn hafi fengið fyri mæli um að loka fyrr en verið hafi en miðað hafi verið við 20 m/sek í hviðum. Til að byrja með verði miðað við 18 m/sek og metin reynslan af þeirri breytingu innan þriggja mánaða.**
- Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Við daglegan frágang skal rekstraraðili birgja úrgang með fullnægjandi þekjulagi. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok eða ónæði. Í vettvangsferðinni var staðfest að þekjulag var blandað efnum s.s. plasti sem hætta er á að fjúki. Það samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins þar sem að kveðið er á um að óheimilt sé að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok eða ónæði. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að timburflís hafi verið notuð til yfirlags. Flísin standi vestan megin við urðunarsvæði og nýtist á þeim tíma sem fokvörn. Því sé eðlilegt að yfirlagið sé blandað plasti er það hafi staðið þar um tíma, einkum í austanroki. Timburflís sem tekið sé við inn á svæðið, komi nú þokkalega hrein inn. Blöndun plastsins gerist því að miklu leyti til vegna foks. Skv. rekstraraðila er blöndun efnisins óhjákvæmileg er verið er að leggja yfirlagið yfir**

úrganginn. Starfsmenn halda því fram að það sé ekki þekjuefnið sjálft sem hafi í för með sér fok eða ónæði, heldur sé það sá úrgangur sem komi inn á svæðið. Starfsmenn hafi verið upplýstir um sjónarmið Umhverfisstofnunar varðandi frávik um daglegan frágang og þekjulag. Samt sem áður verði ítrekuð enn frekar til verktaka, nauðsyn þess að efnið komi hreint til Fíflholta.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasiðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vesturlands